# Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri
Dags. 14. janúar 2022
*Mnr. 2021100002*

ÍSAFJARÐARBÆR

---

**Stofnun óhagnaðardrifins leigufélags - Hses.**

**Varðar: Stofnun óhagnaðardrifins leigufélags – Hses.**

Í framhaldi af umræðum á síðasta fundi bæjarráðs varðandi umsókn Skeiðs ehf. um stofnframlag hefur verið skoðað með hvaða hætti heppilegast sé að standa að málinu varðandi stofnun óhagnaðardrifins leigufélags (Hses félags).

Haft var samband við nokkur sveitarfélög sem hafa stofnað Hses félag á undanförnum árum. Stofnun á Landsbyggðar Hses félagi er í undirbúningi og gert ráð fyrir að það verði komið á laggirnar innan fárra vikna. Einnig var farið yfir málið með HMS og hvaða leiðir væri heppilegast að fara. Niðurstaðan er að ákjósanlegast er að Ísafjarðarbær verði þátttakandi í stofnun Landsbyggðar Hses félagi sem er í undirbúningi. Það félag tæki þá yfir umsókn Skeiðs ehf. um stofnframlag frá HMS. Samkvæmt upplýsingum frá HMS mun þetta ekki hafa áhrif á byggingaráform Skeiðs við Sindragötu á Ísafirði.

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri